

**Nd.**

**264. Nefndarálit**

[142. mál]

um frv. til 1. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar hefur rætt frumvarp það, sem hér liggar fyrir. Verkfall sjómanna hefur staðið í ca. einn mánuð. Sjómenn og þjóðarheildin hafa liðið mikið tjón vegna þessa verfalls. Bezta fiskveiðitímabil ársins er að byrja. Án efa má leysa þessa deili með samningum, en líkur eru til, að það tefji lausn málsins um nokkra daga. Sá dráttur mundi valda því, að yfirmenn á fiskiskipaflotanum töpuðu meiru en þeir ynnu við áframhaldandi samninga. Sjómenn hafa þegar samið og búa margir við þróng kjör. Verði ósamræmi í kjörum háseta og yfirmanna frá því, sem verið hefur undanfarin ár, mun það valda varanlegri óánægju hjá þeim fyrrnefndu, enda búa þeir við lakari kjör. Málið er því þannig vaxið, að erfitt mun að leysa það þannig, að allir séu ánægðir.

Við álitum, að sjómannaverkfallið eigi rætur í lögum, sem samþykkt voru í desember 1968. Þar var ákvæðið að taka 17% af óskiptum afla auk þess, sem tekið var til að greiða vexti og afborganir fiskiskipa. Við vörudum við þessu og töldum of langt gengið. Það var enn fremur rangt og óviturlegt að leggja það frumvarp fram án þess a. m. k. að ræða það áður við forsvarsmenn sjómannasamtakanna. Þetta álit okkar hefur reynzt rétt. Hinir nýju samningar munu reynast óhagkvæmari fyrir báða aðila en þeir gömlu, og þjóðarheildin hefur beðið tilfinnanlegt tjón af þessu verkfalli. Með þessu lagaákvæði reið ríkisstjórnin þann hnút, sem hún hefur ekki getað leyst. Stjórnin verður því að neyðast til að skera á hnútinn, þó að það þyki aldrei góð lausn. Það er eðlilegt og sanngjarnt, að stjórnarflokkarnir leysi sína hnúta og drekki sjálfir sitt heimatilbúna ör. Vegna hagsmuna þjóðarheildarinnar viljum við hins vegar ekki tefja málið eða spilla fyrir því, að verkfallið leysist þegar í stað. Sú afstaða táknaðar þó eigi, að fyrra álit okkar sé breytt, hvað það snertir, að hjá þessu verkfalli hefði verið unnt að komast, ef vel og viturlega hefði verið á málum haldið.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Björn Pálsson, Jón Skaftason.  
frsm.